

Vegagerðin  
Birgir Guðmundsson  
Miðhúsavegi 1  
600 AKUREYRI

2000090078  
6607; 9310

Reykjavík, 22. febrúar 2001  
/--

**Efni: Hringvegur á Mývatnsöræfum, Hólmatungnavegur - Jökulsá á Fjöllum, Skútustaðahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 24. janúar 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning Hringvegar á Mývatnsöræfum, Hólmatungnavegur - Jökulsá á Fjöllum, Skútustaðahreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2. a. og 10. b. í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skútustaðahrepps og barst umsögn frá hreppnum með bréfi dags 31. janúar 2001. Afrit af umsögn Náttúruverndar ríkisins til Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir ofangreinda framkvæmd barst Skipulagsstofnun þann 24. janúar 2001. Þar kemur fram álit Náttúruverndar ríkisins á matsskyldu framkvæmdarinnar. Frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila bárust með tölvupósti 19. febrúar 2001.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd og framkvæmdasvæði**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að endurbyggja Hringveg á Mývatnsöræfum frá Hólmatunguvegi að Jökulsá á Fjöllum. Vegurinn liggur um svæði sem nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Vegurinn er um 17 km langur og mun nýlagning verða samanlagt á tæplega 7 km löngum kafla í allt að 120 m fjarlægð frá núverandi vegi. Heildarefnispörf vegna framkvæmdarinnar er um 408 þús. m<sup>3</sup>. Þar af verða teknir um 230 þús. m<sup>3</sup> af efni úr skeringum og um 69 þús. m<sup>3</sup> á um 23 þús. m<sup>2</sup> svæði úr námu A við Veggveina, um 79 þús. m<sup>3</sup> á um 26 þús. m<sup>2</sup> svæði úr námu B við Hrossaborgarmela og um 29 þús. m<sup>3</sup> úr námu úr áreyrum Jökulsár á Fjöllum skammt ofan brúar. Breidd vinnusvæðis meðfram veginum verður 40 m þ.e. 20 m beggja vegna vegar en fram kemur að vinnusvæðið nái ávallt að skeringarbrún og fláafæti. Svæði fyrir vinnubúðir, námur og námuvegi teljast til vinnusvæðis. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að öll umferð vinnutækja utan vinnusvæðis verði

óheimil. Öllu efni úr námum og skeringum skuli ekið í veginn og eru hliðarýtingar utan skeringa bannaðar. Lífrænu efni sem til fellur við vinnslu náma og skeringarsvæða skuli halda til haga og dreifa í 30-40 sm þykku lagi yfir efnistökusvæði að lokinni vinnslu. Samkvæmt gögnum frá framkvæmdaraðila hófust framkvæmdir seinnihluta sumars 2000 og er gert ráð fyrir að verkinu ljúki seinnihluta sumars 2001.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA

Í umsögnum Skútustaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að endurbygging Hringvegur á Mývatnsöræfum, Hólmatungnavegur - Jökulsá á Fjöllum, Skútustaðahreppi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúruvernd ríkisins fellst á fyrirhugaðar vegaframkvæmdir með þeim skilyrðum að ekki verði ýtt upp eða rótað meðfram veginum þar sem ekki er þörf á að taka niður vegna skeringa. Allt kapp verði lagt á að afmá ummerki gamla vegarins á sem bestan og snyrtilegastan hátt. Efni í núverandi vegi verði nýtt í fyllingar í nýja veginn eins og kostur er. Skoðað verði hvort hægt er að nýta hraun úr hraunnibbum í fyrirhugaðri veglínu til að lagfæra sár eftir núverandi veg í Vestara-Hrauntagli. Eftirlitsráðgjafi Náttúruverndar ríkisins í Þingeyjarsýslum hafi eftirlit með framkvæmdinni og frágangi vegna hennar.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbætur á um 17 km löngum kafla á Hringvegi á Mývatnsöræfum frá Hólmatunguvegi að Jökulsá á Fjöllum, Skútustaðahreppi. Vegurinn liggur um svæði sem nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nýlagning mun verða samanlagt á tæplega 7 km löngum kafla í allt að 120 m fjarlægð frá núverandi vegi. Framkvæmdin er þegar hafin en hún er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2. a. og 10. b. í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin mun ekki hafa verulegt rask í för með sér verði umgengni um framkvæmdasvæðið með þeim hætti sem framkvæmdaraðili lýsir í útboðslýsingu þ.e. að öllu efni úr námum og skeringum verði ekið í veginn, hliðarýtingar utan skeringa og öll umferð vinnutækja utan vinnusvæðis verði óheimil. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að haft verði samráð við Náttúruvernd ríkisins vegna afmörkun framkvæmdar og frágang vegna hennar.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbætur á Hringvegi á Mývatnsöræfum frá Hólmatunguvegi að Jökulsá á Fjöllum, Skútustaðahreppi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er framkvæmdin þegar hafin.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps og leyfi Náttúruverndar ríkisins. Samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. er óheimilt að hefja slíkar framkvæmdir fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 26. mars 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Skútustaðahreppur og Náttúruvernd ríkisins